

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2021

frá 23. apríl 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1281 frá 14. september 2020 um að samþykkja ekki virka efnið etametsúlfúrónmetýl í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (¹).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1280) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„13zzzzzzzzzzzf. **32020 R 1281**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1281 frá 14. september 2020 um að samþykkja ekki virka efnið etametsúlfúrónmetýl í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 301, 15.9.2020, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1281, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

(¹) Stjtið. ESB L 301, 15.9.2020, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.